

LÖG
um breytingu á tollalögum, nr. 88/2005
(niðurfelling tolla á vörur sem eru upprunnar í Úkraínu).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við lögina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. skal til og með 31. maí 2023 fella niður tolla af vörum sem fluttar eru inn á tollsvæði ríkisins og eru að öllu leyti upprunnar í Úkraínu. Við ákvörðun um uppruna vöru skal fara eftir ákvæðum fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Úkraínu sem tók gildi 1. júní 2012.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 24. júní 2022.

Guðni Th. Jóhannesson.
(L. S.)

Bjarni Benediktsson.